



NIÐURSTÖÐUR ALÞJÓÐARÁÐSTEFNUNNAR „NÁM ÁN AÐGREININGAR: LEIÐ TIL AÐ EFLA FÉLAGSLEGA SAMHELDNI“ 11.–12. MARS 2010 Í MADRÍÐ.

Í maí 2009 lagði ráð ESB fram tiltekin markmið þar sem lögð var áhersla á mikilvægi náms án aðgreiningar í því skyni að vinna gegn erfiðleikum í námi. Þetta var hluti rammaáætlunar um Evrópusamstarf á sviði náms og menntunar (ET2020). Ráðið greindi frá því að menntun ætti að koma í veg fyrir mismunun og gera ungu fólki kleift að eiga jákvæð samskipti við jafnaldra sína hvaðanæva að.

Á alþjóðaráðstefnunni, sem um 300 fulltrúar frá allt að 40 löndum tóku þátt í, var ætlunin að finna leiðir til að grundvallarreglur um gæði, skilvirkni og réttlæti yrðu innleiddar á öllum skólastigum. Einkum var lögð áhersla á að nemendur sem eiga við mikla fötlun að stríða geti stundað nám og einangrist ekki félagslega.

Meginmarkmiðin voru að:

- fjalla um menntun sem eina meginforsendu félagslegrar þátttöku, innan ramma Evrópuárs sem tileinkað er baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun;
- fjalla um stefnumótun fyrir nám án aðgreiningar og miðla gagnreyndum aðferðum, með sérstöku tilliti til nemenda sem fá sérstakan stuðning í námi og þurfa á aðstoð að halda;
- greiða fyrir samskiptum milli ESB-landa og landa í Suður-Ameríku um reynslu á sviði náms án aðgreiningar;
- gera drög að skjali með lykilatriðum varðandi nám án aðgreiningar sem kynna skal fyrir ráðamönnum í Evrópu og innan einstakra landa.

Dagskrá ráðstefnunnar og ítarefni má nálgast á slóðinni <http://www.educacion.es/eu2010/agenda/educacion-inclusiva.html>

Niðurstöður

Allir eiga rétt á að stunda nám án aðgreiningar. Stefnumótun verður að taka mið af því að allir þegnar samfélagsins geti öðlast góða menntun. Nám án aðgreiningar felur einnig í sér að öllum menntastofnunum eru fengin nauðsynleg úrræði (fjármunir, starfsfólk, námsefni og tæknibúnaður) sem gera þeim kleift að bregðast við og tryggja að allir nemendur nái árangri, hver svo sem persónuleg, efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, landfræðileg eða þjóðernisleg staða þeirra er. Sérstakt tillit ber að taka til kynferðis vegna þeirrar mismununar sem fatlaðar stúlkur/konur verða fyrir.

Tryggja þarf gæði og réttlæti í námi án aðgreiningar, í samræmi við grundvallarreglur á borð við jöfn tækifæri, jafnrétti og aðgengi fyrir alla. Þessar reglur mynda eina heild og eru órjúfanlegar.

Þessi ráðstefna, sem sótt var af fulltrúum ýmissa sjálfstæðra samfélagshópa frá Spáni og öðrum Evrópulöndum, sem og Suður-Ameríku, auk aðila frá frjálsum félagasamtökum, var haldin samkvæmt einu af fjórum markmiðum ESB-forsætis Spánverja á sviði menntamála: Að hafa áhrif á menntastefnu sem stuðlar að réttlæti, félagslegri samheldni og virkri þátttöku í samfélaginu. Með þessu markmiði er leitast við að koma til móts við ýmis brýn verkefni: brottfall úr skóla og þörf nemenda fyrir viðbótarstuðning í námi.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í menntamálum hvað varðar fræðimennsku, stefnu og starf, sem stuðla munu enn frekar að því að nám án aðgreiningar verði að veruleika. Einkum ber að nefna Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra, og þá einkum 24. grein samningsins sem fjallar um menntun.





Engu að síður hefur markmiðinu um nám án aðgreiningar ekki enn verið náð til fulls. Leysa þarf ýmis brýn verkefni til að ná settum markmiðum um gæði, jafnrétti, virðingu fyrir fjölbreytileika og virka þátttöku allra í samfélaginu. Á ráðstefnunni var sérstaklega fjallað um framfaramál sem og brýn málefni á þremur námsstigum, þ.e. á framhaldsskólastigi, í starfsnámi og námi á háskólastigi.

Leggja ber áherslu á eftirfarandi tillögur sem fram komu á ráðstefnunni:

- Nám án aðgreiningar, þar sem einstaklingurinn er í forgrunni, kemur öllum til góða, hvort sem um er að ræða nemendur með sérþarfir vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum, eða aðra nemendur. Nám án aðgreiningar er öllum nemendum undirbúningur fyrir líf og starf í fjölmenningsamfélagi.
- Pólítískur vilji og ásetningur allra viðkomandi aðila er skilyrði þess að hægt sé að koma á grundvallar kerfisbreytingum. Slíkt krefst þess að hugsjónir, þekking, hæfni og lagarammi fari saman þannig að nám án aðgreiningar, þar sem gæði og jafnrétti eru í fyrirrúmi, verði innleitt í almennum skólum á öllum námsstigum. Nauðsynlegt er að allt samfélagið taki þátt í þessum breytingum.
- Nauðsynlegt er að efla samræmda stefnu meðal allra viðkomandi sviða sem og stuðla að því að miðlað sé reynsla af gagnreyndum aðferðum.
- Gera þarf viðeigandi ráðstafanir til að afla nauðsynlegra gagna og greina þau, þannig að hægt verði að fylgjast með stefnumálum og gagnreyndum aðferðum með svokölluðum vísbendum. Slíkir vísbendur gera kleift að greina hvaða þættir stuðla að aðgreiningu og hvaða þættir auðvelda þátttöku allra.
- Eftirfarandi atriði eru brýn til að breytingar í skólum og réttur allra til náms nái fram að ganga: sveigjanleg menntakerfi; fjölbreytileiki viðurkenndur sem kostur; hindrunum rutt úr vegi (hvað varðar ytri aðstæður, námsleiðir og námsefni, viðhorf, búnað og sérfræðiaðstoð, félagslíf, samskipti, aðgengi að táknmáli og öðrum tækjum til að bæta munnleg samskipti); stuðningur við kennara og skóla; teymisvinna; forystustarf í skólum; samstilltur aðbúnaður nemenda; og samstarf milli foreldra, sérfræðinga og sjálfboðaliða.
- Nauðsynlegt er: að auðvelda tilfærslu milli skólastiga og út á vinnumarkaðinn; að greiða fyrir námi án aðgreiningar allt frá upphafi skólagöngu og leggja sérstaka áherslu á snemmtæka greiningu og íhlutun.
- Leggja þarf sérstaka áherslu á kennaramenntun (grunnmenntun og starfsþjálfun) á öllum námsstigum. Kennaramenntunin þarf að veita þann undirbúning að hægt sé að bregðast við ólíkum þörfum nemenda, slíkt er lykilatriði ef nám án aðgreiningar á að skila árangri.
- Ungt fólk vill ekki láta koma fram við sig eins og börn; það vill geta tekið sínar eigin ákvarðanir. Það á rétt á að geta stundað nám sem veitir því undirbúning undir fulla þátttöku í samfélaginu.
- Meðal lykilatriða í starfsnámi er nauðsyn þess að skapa nán tengsl milli viðkomandi náms og hins almenna vinnumarkaðar, sem og að starfsþjálfun sé veitt á vinnustað.
- Líta ber á nám án aðgreiningar á háskólastigi sem forgangsmál á sama hátt og gert er á grunnskólastiginu. Bæta þarf aðgengi að háskólanámi til að fleiri nemendur sem eiga við fötlun að stríða eða tilheyra viðkvæmum hópum í samfélaginu geti stundað slíkt nám. Þörf er fyrir stuðningsþjónustu, einkum fagfólk sem starfar sem eins konar „milliliðir“ milli nemenda og kennara.
- Síðast en ekki síst koma allar aðgerðir sem stuðla að námi án aðgreiningar öllum nemendum til góða.

